



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. mars 2023.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar (greiðsluþátttaka sjúkratryggðra), þskj. 1049, 679. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til Í greinargerð með frumvarpinu segir að markmið laga um sjúkratryggingar hvað varðar að tryggja sjúkratryggðum aðstoð óháð efnahag hafi ekki náðst þar sem samningar við sérfræðilækna hafa verið lausir frá 2019 og sjúkraþjálfara frá 2020. Hafa þjónustuveitendur lagt á aukagjöld sem ekki teljast inn í greiðsluþátttökukerfið þurfi einstaklingar á þjónustu sérfræðilækna og sjúkraþjálfara.

Þessi aukakostnaður sem sjúklingar bera af þessum sökum kemur þyngst niður á öryrkjum, sem flestir eru langveikir og líklegir til að búa við fátækt. Því er brýnt að bæta úr og styður MRSÍ því frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri